

Nr. 18-091 S 063 Togarinn / Barkur***Olúprammi slitnar frá dráttarbát*****Togarinn**

Skipaskr.nr.: 2923
 IMO númer: 7510561
 Útgerð: IceTugs ehf.
 Smíðaður: Spánn 1977, stál.
 Flokkun: Bureau Veritas.
 Stærð: 290,2 bt.
 Mesta lengd: 33,5 m Skráð lengd: 31 m
 Breidd: 8,85 m Dýpt: 5,3 m
 Vél: Caterpillar 2500 kw, 1997
 Fjöldi skipverja: 3



Togarinn©Hilmar Snorrason

Barkur

Skipaskr.nr.: 2948
 IMO númer: 1588293
 Útgerð: Skipaþjónusta Íslands ehf.
 Smíðaður: Algots Varv 2007, stál.
 Flokkun: DNV-GL.
 Stærð: 492,42 bt.
 Mesta lengd: 39,20 m Skráð lengd: 37,01 m
 Breidd: 11 m Dýpt: 4,7 m
 Vél: Vélarlaus
 Fjöldi skipverja: 0



Barkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 7. desember 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. júní 2018 var dráttarbáturinn Togarinn á siglingu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar ýtandi olúprammanum Bark á undan sér. Veður: SV 4,5 m/s.

Á siglingunni slitnuðu festingar á milli dráttarbátsins og olúprammans þar sem þeir voru staddir nálægt grynningum 1,7 sml út af Leiruböða. Ráðstafanir voru gerðar með björgunaraðgerðir en áhöfn Togara náði að setja taug í olúpramman og draga hann til Hafnarfjarðar. Hálffermi var í honum eða um 500 tonn af olíu.



Togarinn og Barkur þjónusta olíufélag með olíuafgreiðslu í skip á Faxaflóasvæðinu.

Við rannsókn kom fram:

- að dráttarbáturinn ýtti olíuprammanum á undan sér (*sjá mynd*). Þeir voru festir saman með fjórum keðjum, stb. og bb. megin á polla á stefni dráttarbátsins og líka með keðjum/vírum stb. og bb. megin sem voru settir fastir á polla í skut hans;
- að á prammanum voru fjórar keðjufestingar boltaðar í undirstöður sem voru rafsoðnar í þilfarið í skut, tvær bb.megin og tvær stb.megin;
- að keðjufesting stjórnborðsmegin fyrir stefnisfestingu á dráttarbátnum um borð í olíuprammanum brotnaði þannig að dráttarbáturinn missti stjórn á prammanum;
- að keðjufestingin var úr steypujárni en búið var að smíða nýja en ekki búið að koma henni fyrir. Búið var að endurnýja samskonar keðjufestingu bb. megin á prammanum;



Myndin vinstra megin sýnir brotnu keðjufestinguna og sú hægri þá nýju

- að fram kom hjá flokkunarfélagi skipsins, DNV-GL, að eingöngu undirstöðurnar sem soðnar eru á dekkið séu háð samþykki þeirra en ekki búnaður sem boltaður er á undirstöðurnar.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á að málmþreyta í keðjufestingum hafi verið orsök atviksins.